TUDOR RAFGEYMAR
MIKIÐ ÚRVAL - TRAUST OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
TUDOR Í 40 ÁR Á ÍSLANDI
• Jepparafgeymar
• Stop-Start rafgeymar
• Rafgeymar í öll farartæki
Öflugir • Hátt kaldræsiþol • Hröð endurhleðsla
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
PÓLLINN
Póllinn • Pollgata 2 • 400 Ísafjörður • Sími: 456-3092 • www.pollinn.is

16. tölublað
7. árgangur

VESTFIRÐIR

— 20. DESEMBER 2018 —

Jólahugvekja bls. 9

Gjaldtakan lækkuð bls. 4

Héraðsdómur ósammála ÚUA bls. 14

Neyðarkall úr Árneshreppi bls 6

Forsíðumyndin er tekin í Skutulsfirði í marsmánuði 2016 í fögru vetrarveðri. Ljósmyndari: Þorsteinn Haukur Þorsteinsson, Súðavík.

Blaðið Vestfirðir sendir lesendum sínum og Vestfirðingum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökkum fyrir það sem er að líða.

Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar
- fyrir þarmaflóruna og varnir líkamans!
"Iðraólga þ.e. uppþemba, vindgangur, niðurgangur og/eða hægðatregða er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið merki um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. Ég mæli með Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlum."
- Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti
abel heilsuvörur
www.abelheilsuvorur.is

G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®
SONIC VIBRATION
TANNBURSTI
Fáðu auka kraft þegar þú burstar
Nýtt
Batterísdrifinn tannbursti
með einstakri hreinsunartækni
• Fjarlægir allt að 50% meira af óhreinindum milli tannanna og hreinsar allt að helmingi dýpra undir tannholdið.
• Þægilegur titringur veitir djúpa en blíða hreinsun
• Burstahaus og rafhlöðu má skipta út eftir þörfum (rafhlaða fylgir með)
Tannlæknar mæla með GUM tannvörum
Fæst í apótekum og almennum verslunum.

Landsvirkjun

Land endurnýjanlegrar orku

Frá gangnamunna í Sámsstaðaklifi liggja 270 metra löng aðkomugöng að stöðvarhúsi Búrfellsstöðvar II.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eftirspurn eftir raforku á Íslandi í dag er mikil og mun aukast á sama tíma og fólk gerir sér sífellt betur grein fyrir vægi loftslagsmála. Hrein, endurnýjanleg orka mun gegna veigamiklu hlutverki í orkuskiptum í framtíðinni. Það að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir umhverfisvæna orku er eitt mikilvægasta framlag okkar til loftslagsmála á heimsvísu.

Búrfellsstöð II er nýjasta aflstöð Íslendinga. Hún var gangsett 28. júní 2018, en fyrsta aflstöð Landsvirkjunar, Búrfellsstöð, var gangsett á sömu slóðum tæpum fimmtíu árum fyrr. Nýja stöðin nýtir vatn sem áður rann fram hjá eldri mannvirkjum og bætir því umtalsvert nýtingu þeirrar auðlindar sem felst í fallvatninu.

Við framkvæmdina var lögð mikil áhersla á að lágmarka umhverfisáhrif eins og kostur er. Stöðvarhúsið er staðsett neðanjarðar og sjónræn áhrif eru því minni en ella. Vegna þess að fyrir voru aflstöðvar á vatnasvæðinu var hægt að samnýta veg, raforkuflutningskerfi og uppistöðulón og lágmarka þannig rask. Ábyrg nýting orkunnar er öllum til hagsbóta.

Við óskum landsmönnum öllum gæfu á nýju ári og þökkum farsælt samstarf á liðnum árum.

LEIÐARI

Fullveldið vestur

Það var rifjað upp á dögunum hverjar framfarirnar á Íslandi hafa orðið síðan fullveldið var endurheimt fyrir réttum 100 árum. Þá var íslensk þjóð í skugga náttúrulegra harðinda, stórfellds eldgoss og fádæma kulda og tókst að auki á við mannskæðustu farsótt síðan svarti dauði og stórabóla var, spænsku veikina sem felldi 500 manns á skömmum tíma. Þetta voru ekki þær aðstæður sem heppilegastar eru til fyrir fámenna þjóð til þess að taka til sín vald í eigin málum.

En það gekk nú samt. Það var þjóðareining um fullveldið og hver maður fann til ábyrgðar og vildi leggja sitt af mörkum. Eitt allra framstæðasta þjóðfélag Evrópu árið 1918 hvað innri gerð og máttarviði laut reis úr öskustónni. Þjóðartekjur margfölduðust og lífskjörin lyftust hratt. Áður en tvær kynslóðir voru gengnar til ævihvíldar blasti við ungu kynslóðinni sem við átti að taka bjartari framtíð en jafnaldrar þeirra gátu vænst erlendis, jafnvel í grónum stórveldum.

Án fullveldisins er vandséð að þetta kraftaverk hefði gengið eftir. Það má að vísu halda því fram að nýting fiskimiðanna hefði þrátt fyrir danska stjórn gefið af sér verðmætar framleiðsluvörur seldar á erlenda markaði í líkingu við það sem raunin varð. Og þó, það er nokkuð vandasamt að færa rök fyrir því að dönsk yfirvöld hefðu lagt í það að færa út landhelgina frá fjarðarbotnum til hafs og kallað yfir sig reiði Breta og Þjóðverja. Það er líka engin vafi á því að hugsjónin og þráin um sjálfstæði í eigin málum dreif áfram margan manninn með almannahag að leiðarljósi fremur en afmarkaðri hagsmuni einstakra fyrirtækja. Hugsjónirnar ýttu til hliðar að nokkru leyti kapitalíska ágóðavon. Í huga athafnamannanna var framgangur íslensks þjóðfélags meira virði en hagnaður eigin atvinnureksturs.

Þetta breyttist um það leyti sem framsalið í kvótakerfinu var komið á. Hægt og sígandi eftir það var eigin ágóðavon meira og meira þungamiðja í stjórnun og ákvörðunartöku og þau viðhorf um ábyrgð og samkennd til einstakra samfélaga og stundum þjóðarinnar í heild viku til hliðar.

Fullveldið tapaðist

Þróunin þýddi að fullveldið hafði tapast fyrir sjávarútvegssamfélögin um landið. Veigamesti þátturinn hagkerfi í þessum samfélögum var tekinn frá þeim. Menn réðu ekki lengur hve mikil atvinnustarfsemi væri og með framsalinu réðu menn heldur ekki því að atvinnustarfsemin yrði áfram. Einstaklingum var fengið það vald og gefið algert frelsi til þess ráðstafa því út frá þröngum eigin hag og ekki annarra. Þannig er það ennþá. Einstaklingar sem á hverjum tíma hafa atvinnuréttindin undir höndum eru hafnir upp yfir almenninginn sem aðall og eru algerlega lausir við allar skyldur við annað en eigin ágóðaþörf. Almenningurinn hefur tapað fullveldinu. Það er vegna þess að ríkið ákvað að fullveldið skyldi verða persónubundin eign útvalinna.

Í seinni tíð, eftir að komið var inn á þessa öld fór að verða vart við frekari fullveldisflutning til sérstakra aðila. Nú er það helst að ráðin eru tekin af fólki heima í héraði og flutt til úrvalssveitar ríkisstarfsmanna sem er falið að hafa vit fyrir okkur. Nýting lands og sjávar með sínum gögnum og gæðum eru sett undir eftirlit og leyfisveitingar stofnana og þar með tekin ráðin af heimamönnum.

Skýrustu dæmin eru á Vestfjörðum. Það er kannski vegna þess að á höfuðborgarsvæðinu hefur sú skoðun náð fótfestu að Vestfirðir eigi að vera eins hvers konar syndaaflausn fyrir náttúrurspjöllin á höfuðborgarsvæðinu. Þetta viðhorf birtist inn í einstökum stofnunum. Hæst ber þar Skipulagsstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og nú síðast Hafrannsóknarstofnun. Þar hafa forsvarsmenn lagt sig fram um að leggja stein í götu framfara á Vestfjörðum í vegagerð um Teigsskóg í Gufudalssveit , virkjunaráform í Hvalá í Árneshreppi og atvinnuuppbyggingu með sjókvíaeldi.

Þetta á alls ekki við um allar opinberar stofnanir. Þar ræður bæði hvert verkefni stofnunarinnar er og líka hverjir helst ráða málum innan viðkomandi stofnanir. Veðurstofa Íslands hefur lagt sig fram um uppbyggingu á starfsemi sinni á Vestfjöðrum. Umhverfisstofnun hefur líka sýnt góða viðleitni til þess að dreifa störfum um landið. Aðrar stofnanir og ráðuneytin búa flest við fornaldarviðhorf og tekja ekkert geta verið utan 101 Reykjavík. En það er í heild algerlega óásættanleg staða að eiga það undir einstökum ráðandi einstaklingum hvort og þá að hver miklu leyti hagsmunir almennings um landið eru jafnsettir höfuðborgarsvæðinu.

Með tilkomu þessara meðhöndlunar opinbers valds verður það knýjandi nauðsyn fyrir samfélög á Vestfjörðum að endurheimta fullveldið sem áður var í veigamiklum málum. Það á við um nýtingu auðlinda og eðlilega hlutdeild í arðinum sem þar verður til.

Því meir sem valdið er flutt frá heimamönnum til einstaklinga eða stofnana þeim mun verr gengur að tryggja íbúunum jafna og eðlilega hlutdeild í þjóðartekjum og þjóðarauðnum. Vestfirðinga vantar milljarða tugi króna á hverju ári inn í hagkerfi sitt. Þessir peningar eru færðir til og úr höndum fólksins sem á réttmæta kröfu til þeirra. Það er stóra arðránið í íslensku þjóðfélagi um þessar mundir.

Kristinn H. Gunnarsson

16. tölublað

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.
Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is.
Ritstjóri: Kristinn H. Gunnarsson, sími: 892-7630, netfang: kristinn@kristinn.is.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 3.400 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTÆKI Á VESTFJÖRÐUM

Vestfirska vísnahornið

Jón Atli Játvarðsson, Reykhólaskáld, dvaldi aðeins við Klausturfundinn margfræga. Honum finnst greinilega karlatalið ekki skynsamlegt, sérstaklega ekki í garð kvenna:

Fjallkonan, sem enn er ung
og alltaf fús til dáða.
Brýtur undan báran þung
bergi heimskra ráða.

Kristjana S. Vagnsdóttir á Þingeyri minnir menn á að betra sé að huga að blómum en að drekka brennivín.

Á þér hef ég aukna trú,
ef að viljinn gefur.
Blómin skaltu blessa nú
brennivínið tefur.

Kristjana bætti svo við eftirfarandi hugleiðingu um talsmátann, eflaust með Klausturtalið í huga:

Oft er þar, sem leyndin lá
lúaleg er mannsins girnd.
Talsmátanum treysta má
takast margir á við synd.

Eiríkur Jónsson á Grænhól, sem áður gerði garðinn frægann í Kennarasambandi Íslands er hóflegur aðdáandi Miðflokksins. Þessi vísa kom frá honum hávaðalaust:

Siðfræðingar segja það
sé hin mesta gleði
ef Miðflokksþingmenn megna að
muna það sem skeði.

Indriði Aðalsteinsson bóndi á Skjaldfönn sendi að venju gott ljóðabréf til þáttarins:

Hér hljóta Klausturmál að vera í aðalhutverki og reyni ég að hafa þessar vísur í tímaröð og skal þá byrja á alþjóðaathyglinni.

Í þingsins sögu blað var brotið
býsna mikið þjóðartap.
Hefur upp á himinn skotið
heimsmeti í dónaskap.

Drykkja í vinnutíma:
Þegar svelgja óðir öl
og æla því á sviðið.
Okkur veldur klígju og kvöl
Klausturmannaliðið.

Öl er innri maður
oft var sagt í den.
Slíkt er ekkert slaður
svona reynist enn.

Síðan eru sendiherravæntingar Gunnars Braga í ljósi nýjustu gervihnattaferða til Mars:

Er á Mars þeir efna í bar
engum þætti verra.
Ef Gunnar Braga gerðist þar
góður sendiherra.

Anna Sigríður, eiginkona Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar stendur með sínum manni:

Ég treysti Sigmundi út í eitt
aðhafst misjafnt ei hefur neitt.
Hann vandur að sinni virðing er
án vafa í stjórnmálum bestur hér.

Og ekki má gleyma henni Báru:

Báru brött var glíma
beitti snilld og lagni.
Átti sem sé síma
sem að kom að gagni.

Niðurstaða mín er því þessi:
Klaustursóðar hengja haus
hljóta þunga dóma.
En Bára stendur lýtalaus
landi og þjóð til sóma.

Það er við hæfi að ljúka vísnaþættinum að þessu sinni með þessari vetrarvísu Bergs Torfasonar frá Felli í Dýrafirði, sem ort var á dögunum þegar veturinn gerðinn sig heimakominn:

Konungur Vetur er kominn í hlað,
Kári fylgdi honum rétt af stað.
Á eftir þeim fylgdu einnig hér
öflug hirðin sem þekkjum vér.
Mjöll bæði og Drífa dyggar fylgdu
með dimmum éljum sig báðar ygldu.
Gustur og Blástur sig belgdu út,
Þá byrsti sig Kári og þeir hrukku í kút.

Þetta er 16 og síðasta vísnahorn ársins. Hagyrðingum er vel þakkað fyrir framlag þeirra til þess að gleðja lesendur blaðsins og fyrir að leggja sitt af mörkum til þess að gera upp samtímaatburði, bæði í gamni og alvöru, með þeim aldagamla og blæbrigðaríka hætti er sem vísnaformið er.

Mér telst til að vestfirsku vísnahornin séu orðin rétt um 100 frá því í september 2014 og áfram er stefnt að samantekin þeirra. Vísnahornið sendir lesendum blaðsins óskir um góða jólahátið og farsælt komandi ár.

Kristinn H. Gunnarsson

Gjaldskráin verður lækkuð

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum á mánudaginn að leggja til við bæjarstjórn að lækka aftur gjaldskrá vegna aksturs fatlaðra. Má það heita næsta víst a' bæjarstjórnin muni samþykkja lækkunina.

Tildrög málsins eru þau að eftir að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti fjárhagsáætlun bæjarins fyrir 2019 skrifaði Magnús reynir Guðmundsson, fyrrverandi bæjarritari pistil á bbþis og vakti athygli á því að ný gjaldskrá fyrir akstur fatlaðra hækkaði mun meira en aðrar gjaldskrár. Hver ferð hækkaði úr 210 kr í 500 kr eða um 138%

Magnús Reynir benti á að sumir fatlaðir þyrftu að notfæra sér þessa þjónustu tvisvar á dag svo augljóslega væri hér um verulega hækkun að ræða fyrir viðkomandi. „Því verður vart trúað að bæjarstjórnin okkar láti þessi „mistök" standa, en verðisvo, þá er hér um einstaka jólagjöf til fatlaðra að ræða" skrifað Magnús Reynir i greininni.

Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri brást fljótt við og skrifaði í athugasemdir við grein Magnúsar að endurskoðun á gjaldskrá vegna aksturs fyrir fatlaða stæði enn yfir og því ekki tímabært eða verjandi að hækka stakt fargjald á þessum tímapunkti. „Þessi athugasemd þín er því fullkomlega réttmæt" og sagðist myndu leggja til að hækkunin yrði dregin til baka. Það hefur nú gengið eftir.

OPNUNARTÍMAR
UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðin Ísafirði

Fimmtudagur	20. desember	11-18
Föstudagur	21. desember	11-19
Laugardagur	22. desember	11-18
Sunnudagur	23. desember	Lokað
Mánudagur	24. desember	10-13
Þriðjudagur	25. desember	Lokað
Miðvikudagur	26. desember	Lokað
Fimmtudagur	27. desember	11-18
Föstudagur	28. desember	11-19
Laugardagur	29. desember	11-18
Sunnudagur	30. desember	Lokað
Mánudagur	31. desember	10-13
Þriðjudagur	1. janúar	Lokað
Miðvikudagur	2. janúar	11-18

Vínbúðin Patreksfirði

Fimmtudagur	20. desember	11-18
Föstudagur	21. desember	11-19
Laugardagur	22. desember	11-18
Sunnudagur	23. desember	Lokað
Mánudagur	24. desember	10-12
Þriðjudagur	25. desember	Lokað
Miðvikudagur	26. desember	Lokað
Fimmtudagur	27. desember	11-18
Föstudagur	28. desember	11-19
Laugardagur	29. desember	11-18
Sunnudagur	30. desember	Lokað
Mánudagur	31. desember	10-13
Þriðjudagur	1. janúar	Lokað
Miðvikudagur	2. janúar	11-18

Vínbúðin Hólmavík

Fimmtudagur	20. desember	16-18
Föstudagur	21. desember	13-19
Laugardagur	22. desember	11-18
Sunnudagur	23. desember	Lokað
Mánudagur	24. desember	10-12
Þriðjudagur	25. desember	Lokað
Miðvikudagur	26. desember	Lokað
Fimmtudagur	27. desember	16-18
Föstudagur	28. desember	13-19
Laugardagur	29. desember	11-16
Sunnudagur	30. desember	Lokað
Mánudagur	31. desember	10-13
Þriðjudagur	1. janúar	Lokað
Miðvikudagur	2. janúar	16-18

ENNEMM / SÍA / NM85276

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.

VÍNBÚÐIN

VEIÐIGJALDAFRUMVARPIÐ SAMÞYKKT

Atkvæðaskýringing formanns Atvinnuveganefndar Alþingis Lilju Rafney Magnúsdóttur:

Herra forseti. Við greiðum atkvæði um veiðigjöld eftir 3. umr. Hér er verið að afkomutengja veiðigjöld í rauntíma og tryggja þjóðinni sanngjarna auðlindarentu af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.

Við erum einnig að koma til móts við litlar og meðalstórar útgerðir með því að styrkja frítekjumarkið mjög mikið sem dregur úr áframhaldandi samþjöppun aflaheimilda og eflir sjávarbyggðirnar. Málið hefur fengið mikla og góða umfjöllun í atvinnuveganefnd hjá fjölda gesta og farið í umsagnarferli. Hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur kynnt málið vítt og breitt um landið. Ég tel því að við séum komin á góðan stað að afgreiða veiðigjöldin sem eru, að ég tel, mikil framför frá þeim veiðigjöldum sem verið hafa þar sem við erum að breyta um og fá ríkisskattstjóra til að vinna þetta sem best má vera.

Ég tel að það hafi verið mjög vönduð vinnubrögð í nefndinni og meðan á nefndarstarfi stóð komu engar kvartanir um að eitthvað væri ekki með réttum hætti í vinnu nefndarinnar. Ég held að ekki sé hægt að segja annað en að allt hafi gengið vel fyrir sig og við höfum öll, hvort sem það er meiri hluti eða minni hluti, sameinast í því að kalla fram sem flestar spurningar í málinu sem vöknuðu upp og reyna að draga fram svör gesta við þeim spurningum sem eðlilega komu fram varðandi þetta mál.

Ég tel að tillaga sú sem liggur fyrir frá meiri hluta atvinnuveganefndar, sé líka þess eðlis að það hafi legið fyrir allan tímann í atvinnuveganefnd að verið var að reyna að nálgast það að styrkja enn frekar með einhverjum hætti afslátt eða frítekjumark gagnvart litlu og meðalstóru útgerðunum og horfa til þess. Þessi niðurstaða náðist sem ég tel vera mjög hagfellda fyrir minni fyrirtæki.

Við heyrum úti í þjóðfélaginu að það eru deildar meiningar um þetta frumvarp hjá greininni sjálfri. Eins og við áttum von á heyrist gagnrýni úr ýmsum áttum og gagnrýni á að veiðigjöldin samkvæmt frumvarpinu verði allt of há. Öðrum finnst að veiðigjöldin séu að lækka og enn aðrir vilja fá meiri stuðning við hinar litlu og meðalstóru útgerðir þar sem hætta er á byggðaröskun og afleiðingu þess að verið hafi erfið rekstrarskilyrði og miklar sveiflur í greininni undanfarin ár.

En einhvers staðar verður að lenda og ég tel að með þessu frumvarpi séum við að nálgast mjög það sem búið er að vinna að allt frá árinu 2012, í raun frá því að lög um veiðigjald voru sett, þ.e. að tryggja meiri fyrirsjáanleika og stöðugleika og jafna sveiflur með því að draga upplýsingar saman úr skattframtölum viðeigandi fyrirtækja og upplýsingum um aflaverðmæti tegunda hjá Fiskistofu, vinna úr þeim gögnum og leggja á gjöld miðað við hagnað útgerðarinnar hverju sinni. Tekið er meðaltal af þeim útgjöldum sem þar eru undir og aflaverðmætum. Álagningin byggist á því varðandi þann reiknistofn sem lagt er á 33,3% álag. Þau gjöld geta sveiflast til og geta orðið hærri eða lægri eftir afkomu greinarinnar hverju sinni.

Ég tel mjög brýnt að við sem þingheimur sameinumst um að standa með því að afkomutengja veiðigjöld, eins og ég held að hafi staðið upp úr flestum stjórnmálamönnum.

Íbúafundir Arctic Fish á Þingeyri og Ísafirði

Fimmtudaginn 13. desember stóð Arctic Fish fyrir íbúafundum á Þingeyri og Ísafirði til að kynna stöðu fyrirtækisins og næstu skref sem og almenn umræða við íbúa. Mjög góð þátttaka var á þessum fundum sem og gegnum streymi fundarins á Facebooksíðu „Styðjum íslenskt fiskeldi".

Í upphafi beggja funda fór Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar yfir stutta kynningu um starfsemi fyrirtækisins og stöðu fiskeldis á Íslandi sem erlendis. Glærur af þeim hluta fundarins má finna á heimasíðu Arctic Fish ***www.arcticfish.is***

Á báðum fundunum var umræða um þá stöðu sem ógilding leyfa í Patreks- og Tálknafirði hafi fyrir samfélagið á Vestfjörðum, samstöðu íbúa í þeirri baráttu sem og stuðningur sveitafélaga og Alþingis að bregðast við þeirri stöðu.

Umræðan á fundinum á Þingeyri var með áherslu á að fá upplýsingar um stækkunaráform fiskeldis á svæðinu sem og þeirri spurningu hvort í framtíðinni væri möguleiki að byggja upp pökkunarðastöðu fyrir eldisfisk á svæðinu. Framtíðaráform fyrirtækisins er enn að stuðla að eða koma beinnt að uppbyggingu á pökkunar- eða vinnslu en núverandi óvissa í leyfismálum hefur valdið því að ákvörðun um slíka framkvæmd hefur ekki verið tekin. Einnig hefur það ástand áhrif á að stoppað hefur verið frekari uppbyggingu á seiðaeldisstöð félagsins á Tálknafirði líkt og kom fram á íbúfundi félagsins í nóvember.

Aðrar áherslur komu í umræðu á fundinum á Ísafirði þar sem óánægja og reiði mátti finna á íbúum vegna ástands uppbyggingar fiskeldis við Ísafjarðardjúp. Vísað var til þess að Alþingi hafi árið 2004 var tekið ákvörðun um eldissvæði í sjó og var þá Ísafjarðardjúp opið fyrir eldi á laxi sem síðan með tilkomu áhættumats hafi verið stöðvað á síðasta ári. Umræða með tilvísun í fyrri íbúafundi og loforð um endurskoðun áhættumats, notkun á rauntölum í slíku mati, mögulegar aðgerðir með vöktun og myndavélum að koma í veg fyrir að eldislax færi í veiðiár sem og óánægja með svör Hafrannsóknastofnunar við fyrirspurn Teits Björns Einarssonar alþingismanns.

Það má því segja að samnefnari fyrir niðurstöður beggja funda er ákall íbúa sem og fyrirtækisins um að skapaður verði stöðugleiki, stefnumótun og eðlilegt umhverfi fyrir eina mikilvægustu atvinnugrein sem Vestfirðingar halda í höndum sér í dag. Atvinnugrein uppbyggingar á umhverfisvænum atvinnuveg í takti við áherslur sveitafélaga í landsfjórðungnum. Það er gríðarlega mikilvægt að skapa stöðugleika fyrir atvinnugreinina í heild og marka stefnu fyrir hana sem hægt er að vinna sameiginlega að og til þess þurfa stjórnvöld, vísindamenn og atvinnugreinin í heild að vinna saman.

Eva Dögg Jóhannesdóttir,
líffræðingur

Neyðarkall úr Árneshreppi – upp á líf eða dauða

Verkefnisstjórn verkefnisins Áfram Árneshreppur sendi frá sér ákall til ríkisstjórnarinnar á föstudaginn var. Skúli Gautason, starfsmaður verkefnisstjórnarinnar sagði í viðtali við bb.is og blaðið Vestfirðir að þetta væri í raun neyðarkall og það væri hans persónulega mat að um líf eða dauða byggðarlagsins væri að tefla.

Aðspurður hvað hefði gerst nýlega sem leiddi til þessa mats hans, sagði hann að einkum tvennt hefði gerst sem hefði verið íbúunum áfall. Það fyrra var að aðeins eitt barn hefði verið á grunnskólaaldri og það hefði farið í annað byggðarlag þar sem væru fleiri börn og hitt hefði verið lokun verslunarinnar, sem hefði líka gengt hlutverki sem samkomustaður sveitarinnar.

Skúli sagði nauðsynlegt að fá jákvæð svör fljótt og það væru einkum breytingar á samgöngumálunum sem gætu snúið þróuninni við. Annar svegra þyrfti að hefjast handa við endurgerð vegar yfir Veiðileysuháls. Kostnaður við verkið er áætlaður um 800 milljónir króna. Hitt atriðið væri að hefja reglubundinn snjómokstur að vetri, en nú væri enginn mokstur frá 5. janúar til 20. mars. Í bréfi verkefnisstjórnarinnar segir um þetta atriði að niðurskurður á þjónustu í fjárhagserfiðelikunum eftir hrunið 2008 hafi verið mikill og viðvarandi:

„Í tímabundnum sparnaðaraðgerðum eftir hrun setti þáverandi ríkisstjórn á kröfu um 10% niðurskurð til ríkisstofnana, en Vegagerðin ákvað að skera niður um 50% til þjónustu í Árneshreppi. Þessi aðgerð átti að vera tímabundin, en nú hafa liðið 10 ár og verulegur efnahagsbati hefur náðst. Því teljum við að hér megi auðveldlega bæta í og taka upp mokstur tvisvar í viku eins og fyrr."

Verkefnisstjórnin sendur ríkisstjórninni 5 tillögur sem hún óskar eftir að nái fram að ganga sem fyrst. Tvær þeirra hafa þegar verið nefndar, en hinar þrjár eru: niðurgreiðsla á flugmiðum flugfragt til Gjögurs, fjármunir til þess að mæta kostnaði við þrífösun rafmagns og lagningu ljósleiðara og loks aukið svigrúm varðandi úthlutun aflaheimilda í sjávarútvegi og greiðslur vegna sauðfjárræktar.

Undir ákallið skrifar verkefnisstjórnin öll, en hana skipa:
Aðalsteinn Óskarsson
Arinbjörn Bernharðsson
Eva Pandora Baldursdóttir
Eva Sigurbjörnsdóttir
Kristján Þ. Halldórsson
Kristmundur Kristmundsson
Linda Guðmundsdóttir
Sigríður Kristjánsdóttir

Gisting - Matur - Dekur
GEÐDU LJÚFA GJÖF
GJAFABRÉF Í ♥ BORGARINNAR
CENTERHOTELS | centerhotels.is/gjafabref | 595 8582

Brimlending í Kollsvíkurveri

Sjór var fast sóttur á smábátum fyrr á tíð, og oft gat góð sjómennska skilið milli lífs og dauða. Hér er frásögn Þórðar Jónssonar á Hvallátrum af giftusamlegri nauðlendingu í Kollsvíkurveri.

Þórður Jónsson (19.06.1910 – 12.07.1987) var fæddur og uppalinn á Hvallátrum. Hann var alla sína ævi bóndi á Húsabæ á Hvallátrum. Þórður vandist snemma bjargmennsku og var fær sigari. Hann var mikill félagsmálamaður og tók að sér fjölmörg trúnaðarstörf fyrir sína sveitunga. Var m.a. lengi hreppstjóri í Rauðasandshreppi. Þjóðkunnur varð Þórður einkum fyrir störf sín á vettvangi slysavarna. Hann var formaður björgunarsveitarinnar Bræðrabandsins þegar togarinn Dhoon strandaði undir Látrabjargi, og það var ekki síst góðri stjórn hans að þakka hve björgun skipverja tókst giftusamlega, þó þar hafi margir lagt hönd að. Þórður stundaði sjómennsku, líkt og tíðkaðist með Útvíknamenn. Hér lýsir hann róðrum með hinum farsæla formanni Árna Dagbjartssyni í Kvígindisdal. Greinin birtist í Sjómannablaðinu Víkingi árið 1957.

„Jæja! Komnar til að syngja fyrir mig;og eruð þrjár. Glæsilegt trió, það! Og hvað ætlið þið svo að syngja blessaðar; Ólafur reið með björgum fram? Nei mínar kæru; það lag og ljóð á aldrei að syngja fyrir sjómenn, því þá er óðar komið rok“. „Já þess vegna á að syngja það einmitt í dag“. Hva.. hvaða bölvaður gauragangur er þetta þarna...?

„Ætlarðu ekki að vakna, drengræfill? Stoppaðu klukkufjandann“! Það var formaður minn, Árni Dagbjartsson, sem talaði og ýtti við mér. Mig hafði verið að dreyma. Ég þreif vekjaraklukkuna af pjáturdiskinum er ég staðsetti hana venjulega á til að fá hljóm hennar sem mestan, og skaut henni undir sæng mína; því tippi það er þagga skyldi niður í henni var brotið. Einnig var af henni annar fóturinn og glerið. Ræksnið sem var að gefa mér til kynna að klukkan væri sex að morgni hafði fengið þessi áföll af því að hún lenti ekki alltaf undir sæng minni er hún hóf söng sinn, heldur á ómýkri stað.

„Ætlarðu ekki að hafa þig í að kveikja á prímusnum drengur; það er naumast að þú hefur sofnað“! kvað aftur við í formanninum. „Já, hann hvessir í dag Árni minn“, sagði ég um leið og ég strauk stírurnar úr augunum. Svo fór ég að átta mig á veruleikanum. „Af hverju heldurðu það“? spyr Árni. Af því að mig var að dreyma stelpur; þær voru þrjár. Bölvuð klukkan að vekja mig; þetta leit vel út“. „Ef hann gerði nú alltaf rok þegar þig dreymir um kvenfólk Doddi minn, þá væri nú ekki mikið um sjóferðir frá Kvígindisdal“, sagði Árni um leið og hann reis upp í rúminu; opnaði gluggann; stakk höfðinu út og spýtti í löngum boga út á mölina fyrir neðan. Ég hafði nú kveikt á prímusnum, sem stóð á kassa við rúm mitt, og sett ketilinn yfir. Kaffikannan stóð einnig á kassanum, svo og annað sem til kaffidrykkju þurfti. Árni lokaði glugganum; leit á barómetið; sló á það með tveim fingrum hægri handar; ók sér svolítið en stakk sér svo undir sængina meðan hitnaði á katlinum. Það gerði ég einnig. „Hvernig líst þér á hann“? spurði ég syfjulega. „Það er besta veður eins og er, og getur orðið það í dag. Mælirinn hefur fallið og sjáanlega er norðanátt í aðsigi, en hann er sjólaus ennþá“. Svo fórust formanninum orð, en hann var mjög veðurglöggur.

Þetta gerðist á áliðnu sumri 1928. Og við vorum staddir í sjóbúðinni í Kvígindisdal. Tveir bátar voru gerðir út þaðan um vorið. Snæbjörn Thoroddsen átti annan og hét sá Otur. Var Árni formaður hans. Sigurður bróðir Snæbjarnar átti hinn bátinn sem hét Kári, og var Sigurður sjálfur formaður. Bátarnir voru af sipaðri stærð, eða um þrjár lestir. Sigurður var hættur að róa sínum bát, en ætlaði nú að róa með Árna, ásamt einum háseta sinna; Guðjóni Jóhannessyni. Og ég, sem þessar línur skrifa, var einn eftir af hásetum Árna; aðrir hásetar voru farnir heim úr verinu. Um vorið og fram til þessa var róið með línu og beitt kúfiski. Nú skyldi róa með handfæri. Þótti okkur Guðjóni, sem vorum strákar á svipuðum aldri og kom vel saman, gott að vera lausir við línuna og kúfiskinn.

Við vorum því orðnir fjórir á sjóbúðarloftinu í Kvígindisdal, er vakna áttum til sjóferðar þennan morgun. Nú kvað við skerandi blístur um alla búðina. Það var flautan í stút ketilsins sem sagði til sín. Þetta var nefnilega flautuketill; mesta þing. Við þetta hljóðmerki fór að koma hreyfing á mannskapinn. Ég hellti uppá könnuna og tilkynnti að kaffið væri tilbúið. „Eiturbununa tek ég sjálfur, en gerið þið svo vel“. Árni seildist eftir könnunni; svo vatt Guðjón sér framúr og sótti kaffi handa sér og sínum formanni. Verkoffort okkar stóðu fyrir framan rúmstokkana. Þurftum við ekki annað en lyfta lokunum til að ná í það er við þurftum með kaffinu. „Var þig að dreyma stelpur Árni minn“? spyr Sigurður og kveikir sér í sígarettu. „Mig; ekki aldeilis! Það var drenginn sem var að dreyma eitthvað kvenkyns eins og vant er. Eða var ykkur kannski að dreyma kvenfólk“? „Ekki mig, sem betur fer“, segir Guðjón. „Heldurðu að veðrið verði gott í dag, Árni“? spyr Sigurður. „Það verður það framan af deginum að minnsta kosti“ sagði Árni og snaraði sér fram á stokkinn; fór með hendina niðurmeð rúmbríkinni og náði í rjólbita; stubba utan af honum og beit í, en stakk honum svo niður með bríkinni aftur. Þá fór hann að tína á sig spjarirnar, og það gerðum við einnig.

Innan skamms vorum við klæddir og komnir í stígvélin. Við tókum til fyrir okkur nestisbita; helltum kaffinu sem eftir var í könnunni á hitaflöskur og höfðum þær einnig með okkur á sjóinn. Árni seildist aftur niðurmeð rúmbríkinni; tók upp rjólbitann; dró úr honum tvo toppa; rakti utanaf honum kvartilsbút sem hann skar af og stakk í vasann. Svo setti hann bitann á sinn stað og breiddi yfir rúmið. „Ekki líst þér vel á hann í dag; það sé ég af tóbaksögninni“, sagði ég og skaut mér niður af loftskákinni.

Þegar út úr búðinni kom litu allir til lofts, svo sem venja er til. Loft var heiðskýrt, að öðru leyti en því að dimmt ský var yfir Patreksfjarðarbotninum norðanverðum, en hár og fjarlægur þokubakki til hafsins; logn og sjólaust að heita mátti.

Árni var fyrstur að bátnum; stakk í neglunni og leit yfir bátinn; hvort allt væri með. Við Guðjón lögðum hvalbeinshlunna fyrir aftan bátinn, með um meters millibili. Svo skvettum við á þá sjó, en við það urðu þeir sleipir. Svo röðuðum við okkur á bátinn og felldum skorður undan. Tveir bökuðu aftan; einn studdi miðskips og einn ýtti að framan. Háflóð var, og því stutt að setja. En báturinn rann heldur treglega til sjávar að þessu sinni, svo það kostaði okkur allmikið erfiði. Siggi hafði orð á því að báturinn myndi hræðast draumdísir mínar. Ég kvað trúlegt að bæði bátur og menn myndu fá nóg af þeim áður en við kæmum hér í vörina aftur, eftir ljóðinu er þær vildu syngja. Loks flaut þó báturinn og við stukkum uppí og ýttum frá landi. Árni renndi fyrir stýrinu; tók sveifina og stakk í stýrisaugað. Svo settist hann á skutþóftuna og hafði sveifina undir hendinni, meðan hann náði í tóbakstölu úr vasa sínum. Ég setti vélina í gang. Þetta var OKK sólóvél, sem í þá daga þótti mikil og góð vél og gaf bátnum góða ferð.

Er bátnum hafði verið snúið í stefnu út Patreksfjörð, signdi formaður sig; tók ofan höfuðfatið, og við gerðum slíkt hið sama. Er við höfðum sett höfuðfötin á sinn stað, og ég lokið við að smyrja vélina, færði ég mig aftur á þóftuna til Árna. Guðjón og Sigurður sátu í framskipinu og röbbuðu saman þar, en við Árni á skutþóftunni. Ég hafði setið þarna hjá honum á þóftunni flest útstímin síðast liðin tvö vor og sumur; hlustað á sagnir frá hans löngu sjómannsævi á flestum gerðum skipa, víðsvegar um Atlantshafið; allt norður í Íshaf; við flestar tegundir fiskveiða, hvalveiði og selveiði, og einnig farmennsku. Hér var því geysimikinn fróðleik á að hlýða; enda þreyttist ég aldrei á að hlusta og spyrja, því Árni var ágætur sjómaður á hvaða farkosti sem var; auk þess frábær stjórnari. Því hafði ég oft verið sjónarvottur að, þann tíma er ég hafði verið með honum. En óspart var þá leitað í rjólið, og sælöðrið dreifði þá legi þess allvíða um andlitið. Þá var Árni í essinu sínu; en skipanir hans voru ekkert mömmuhjal.

„Þarna eru þeir að fara frá Patreksfirði“, segir Árni og spýtti í fallegum boga langt útfyrir borðstokkinn. „Hverjir eru það“? spyr ég. „Jóhann Magnússon fer fyrstur og Friðþjófur Þorsteinsson rétt á eftir honum. Þeir ætla sjálfsagt á Kollsvíkina“. Þessir formenn voru í þá daga aflakóngar á Patreksfirði. Flestir bátar þar, sem voru margir, voru 2-3 lestir að stærð. „Ætlar þú á Kollsvíkina“? spyr ég. „Ætli ég reyni ekki í Flóanum fyrst; mig langar ekkert á Víkina í dag. Það er stórstraumur, og rjúki hann hastarlega upp af norðan, sem ég satt að segja held, þá veistu hvernig hann er fyrir Blakknum. Þarna kemur Viggó Bensason á Blikanum. Þeir ætla ekki að láta fjara undan sér núna“. „Og enn koma bátar fyrir Vatnseyraroddan; hverjir fara þar“? spyr ég. „Það er Árni Gunnar fyrstur; Jón Þórðarson; svo eru það Kambararnir eða Gummi Þórðarson“. „Varstu jafn glöggur á að þekkja stóru skipin og litlu bátana“? „Já, því það er mikið auðveldara að þekkja þau. Þeim þótti ég minnsta kosti glöggur að þekkja varðskipin, þegar ég var á

Ráninni. Réttu mér kaffiflöskuna mína Gauji! Þetta var svo skammarlega lítið sem strákurinn gaf mér í morgun“, kallar nú Árni til framskipsmanna, og Guðjón kom með kaffið.

*****

Nú skulum við um stund yfirgefa bátana á Víkinni, sem allir eru í nógum fiski, og bregða okkur upp í Kollsvíkurlendingu, sem venjulega er kölluð Verið, og sjá hvað þar er að gerast. Kollsvíkin afmarkast af Blakknum að norðan, en Breiðnum að sunnan. Ströndin sveigist lítilsháttar inn á milli þessara fjalla, og heitir þar Kollsvík. Þar fyrir framan eru hin fiskisælu Kollsvíkurmið, sem er sandræma fyrir allri Víkinni, með þeim boðum og grynnum sem áður eru talin; dýpi um 12 faðmar. Skammt fyrir sunnan Blakkinn er aðallendingin; Verið. Víðar má þó lenda. Fjaran er sendin, en hleinar um fjöruborð. Lendingin er fyrir opnu hafi, og því ótrygg; sérstaklega í norðanátt. Aðallega er um tvær leiðir að ræða upp í Verið; Miðleið og Syðstuleið. Syðstaleiðin takmarkast af boða á bakborða en landföstum steinum á stjórnborða, þegar upp er farið. Þegar komið er uppfyrir boðann er smálægi, sem venjulega má bíða lags á, áður en farið er upp í sandinn þar sem bátunum er lent og þeir settir. Voru þar oft fjöldi smábáta hér áður fyrr, eða um 30 bátar. Hér var stutt á miðin, eða um 10 -15 mínútna keyrsla, og sjaldan brást fiskur. Kollsvík var því um langan tíma mikil verstöð smábáta. Bátum er farið að fækka mikið er þetta gerist; aðeins heimabátar, og allt smábátar.

En Kollsvíkingar hafa nú eignast til flutninga opinn vélbát; Fönix, 3-4 lestir að stærð. Þeir eru einmitt núna að koma á honum í lendinguna; hlöðnum salti og öðrum varningi. Norðansjórinn er farinn að segja til sín við ströndina, og eykst með hverri báru. Þeir koma Syðstuleiðina. Hér eru engir viðvaningar á ferðinni. Þetta eru hraustir menn; þjálfaðir við brimlendingu frá barnæsku. Þeim gengur vel í gegnum sundið. Legan er ekki orðin örugg, svo þeir halda áfram í sandinn. Margir menn eru í bátnum, og margir í fjörunni til að taka á móti; alls um 20 menn. Báturinn er þungur og brimið fer vaxandi. Þeir hugsa um það eitt að bjarga bát og farmi; hvorttveggja er þeim dýrmætt. Um sjálfa sig hugsa þeir minna. Flestir eru í skinnbrókum, aðrir í stígvélum. En það skiptir ekki máli; flestir eru í sjó undir hendur. Með saltpoka og annan þungavarning fara þeir léttilega. Brimið slær nú bátnum flötum. Ætlar það eða þeir að sigra? Þetta er hörð og tvísýn barátta. Þeir koma í veg fyrir að bátnum slái framá, því gerist það þá er öll von úti.

Þeim hefur tekist að bjarga bát og farmi undan sjó. Þeir anda léttar, en þó sveittir og blautir. Tóbaksbaukar ganga á milli manna. Sumir leggja hendina aftur á bakið og stynja við, en það er sigurglampi í augunum; orrustan er liðin hjá. Þeir hafa sigrað að þessu sinni, eins og svo oft áður. Svo horfa þeir út á Víkina. Margir bátar; vinir þeirra og kunningjar. Allt er þegar ófært. Hvernig fer þetta? Þá setur hljóða.

******

Allir bátarnir komust til Patreksfjarðar. Sumir fengu áföll; aðrir urðu lekir, en allir flutu og ekkert slys varð. Mun þetta mesta áhlaupsveður af norðri er smábátar á þessum slóðum hafa hreppt, og mun mörgum skipverjanna það minnisstætt. Þótt hér hafi lítillega verið sagt frá einum bát og stjórn hans, þá mun þó svipað hafa gengið til hjá hinum. Því allir voru þessir formenn, og skipsmenn þeirra flestir, margþjálfaðir á þessum litlu fleytum. Munu þær ekki sjómannsefnum lökustu skólaskipin.

Jólahugleiðing

Myrkur jólanna

Kafli I.

Það er myrkur í jólafrásögnum guðspjallanna. Það er myrkur í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi er það náttmyrkið. Fjárhirðar eru út í haga og í næturmyrkrinu sjá þeir allt í einu ljós. Engill birtist þeim í ljósinu og segir þeim frá fæðingu frelsarans. Fleiri englar birtast og syngja. En svo verður aftur dimmt. Og við ljóstýru lugtar eða frá logandi blysi halda fjárhirðarnir af stað að leita að nýfæddu barni í myrkinu og það eina, sem þeir vita, er að barnið liggur í jötu.

Þrír vitringar horfa upp í næturhimininn og sjá nýja stjörnu birtast. Stjarnin skín skært í myrkrinu og vitringarnir hugsa að þetta sé fyrir stórtíðindum. Einnig þeir halda af stað að leita að því, sem ljósið í myrkrinu vísar þeim á.

Ljósið skín í myrkrinu. Ekkert er eins fallegt og eitt ljós, sem logar í næturhúminu. Eitt ljós, sem lýsir upp lítinn blett í alheiminum með fyrirheit um eitthvað gott! Þannig skynjum við jólaljósin, sem lýsa upp híbýli okkar. Þau eru tákn um eitthvað gott, um vonina, kærleikanna eða hvaðeina, sem við tengjum boðskap jólanna. Trúaðir sem vantrúaðir, við höfum öll þessa tilfinningu gagnvart jólaljósunum.

Kafli II.

Þegar ég var lítill drengur þá sá ég aðeins fegurð jólanna. Það voru pakkar undir jólatrénu, fallegur söngur ómaði og allir voru glaðir. Og myndirnar af Jesúbarninu á jólakortunum voru svo fallegar. Þarna var fólk í litklæðum. Og svo átti ég töfrakúlu, sem sýndi fjárhúsið og hina heilögu fjölskyldu. Og þegar ég hristi kúluna þá feyktist upp snjór, sem snérist í kringum fjárhúsið. Jólin voru tími töfra og ævintýra.

En þegar ég var orðinn fullorðin og las jólafrásagnir guðspjallanna þá fór um mig hrollur. Það var það, sem ég skynjaði hitt myrkrið, myrkur sálarinnar, það andans myrkur, sem brýst út í grimmd og miskunnarleysi. Og allt í einu gerði ég mér grein fyrir vandræðunum, sem Jósef og María voru í. Hvergi var rúm fyrir þau í mannabústöðum og þau urðu að vera í fjárhúshelli. María fæddi barnið sitt í fjárhúshelli. Umgjörð fæðingar verður vart fátæklegri en þetta. Jólaguðspjallið er saga af fátæku fólki.

Og meira en það; þetta er saga af fátæku fólki í hersetnu landi, fólki, sem var kúgað af landstjóra hernámsliðsins og hinum grimma leppkonungi þeirra. Þetta er saga af fólki, sem var sett í fangelsi ef það dirfðist að gagnrýna stjórnvöld landsins. Þetta er saga af fólki eins og honum Jóhannesi skírara, sem var hálshöggvin fyrir það að gagnrýna spillingu og siðferðilegt skipbrot valdsherranna.

Vitringarnir fóru að leita að nýfæddum konungi. Og auðvitað fóru þeir í konungshöllina í Jerúsalem og spurðu eftir nýfæddu barni. En það var ekkert barn þar. Í höllinni var myrkur illsku og tortryggni. Herodes gamli var svo vænisjúkur að hann lét taka tvo syni sína af lífi svo þeir gætu ekki ógnað veldi hans. Vitringarnir voru kjánar að fara í höllina til Heródesar. Nú vildi hann sjá þetta nýfædda barn, sem spádómar Gamla testamentisins sögðu að yrði sonur Davíðs, arftaki Davíðs konungs, Messías Hebreanna. Sjálfsagt hefur Heródes brosað smeðjulega framan í vitringana þegar hann bað þá að láta sig vita um leið og þeir finndu barnið. En í augum hans og huga var myrkur.

Sem betur fer þá tók Guð í taumana. Hann gaf vitringunum bendingu um það í draumi að láta Heródes gamla ekki vita heldur lauma sér burt úr landinu. Og hann talaði til Jósefs í draumi og sagði honum að flýja með Jesúbarnið og móður þess svo að Heródes gæti ekki unnið þeim mein. Já, fjölskylda Jesú var flóttafólk, þau flúðu til Egyptalands, voru á vergangi í nokkur ár áður en þau áræddu að snúa aftur heim til Ísraels.

Kafli III.

Það er myrkur í mannheimum. Jólaguðspjallið greinir frá því. Og fréttirnar í útvarpinu og á netinu segja einnig frá illsku heimsins. Og hún er ekki bara bundin við útlönd. Einnig hér heima á Íslandi er hægt að finna dæmi um skort á kærleika, breyskleika, óheiðarleika, jafnvel grimmd má finna meðal okkar.

Ég sá konu í sjónvarpinu. Hún var með slæðu um hárið. Líklega var María guðsmóðir einnig með slæðu um höfuðið. Þessi kona hafði líkt og guðsmóðirin hrakist burt úr heimalandi sínu, sem var Afganisthan. Hún var búin að vera flóttamaður og án ríkisfangs nær allt sitt líf. Og núna hér á Íslandi þá fékk hún stórkostlega jólagjöf. Hún fékk ríkisborgararétt á Íslandi, ásam 42 öðrum einstaklingum. Þetta var það síðasta, sem Alþingi Íslendinga gerði fyrir jólafríið. Þetta var jólagjöf Alþingis.

Eða hann Jóel Færseth Einarsson, mánaðargamall drengur, sem fæddur var á Indlandi af staðgöngumóður. Hann á íslenska foreldra en þau gátu ekki komið með barnið til Íslands því hann var ríkisfangslaus. En Alþingi Íslendinga sýndi fjölskyldunni miskunn og veitti nýfædda drengnum ríkisfang með 50 samhljóða atkvæðum. Þau munu nú geta haldið jól á Íslandi.

Sagan um Jesúbarnið og fjölskyldu þess, sem þurfti að flýja í næturmyrkrinu til annars lands er að breyttu breytanda alltaf að endurtaka sig hér í heimi. Og ástæðan er yfirleitt myrkur haturs og átaka, myrkur ofsókna og kúgunar.

Kafli IV.

Ljósið skín í myrkrinu. Guð fæddist inn í þennan heim til að eyða myrkrinu. Hann kom til að segja okkur frá kærleikanum og að í þessum heimi væru allir menn systur og bræður. Og við ættum jörðina saman. Ein jörð, eitt mannkyn. Og þess vegna ætti að ríkja friður á jörðu.

Um þetta sungu englarnir á Betlehemsvöllum. Um þetta snúast jólin. Við höldum jól til að kveikja í hjörtum okkar von kærleikans, von trúar.

Hver svo sem þín lífsafstaða er, hvar svo sem þú ert núna staddur, þá bið ég þess að Guð alheimsins gefi þér gleðileg jól. Amen.

Magnús Erlingsson,
prestur á Ísafirði.

Varðveisla menningarminja og verðlaunavefurinn kollsvik.is

Minjastofnun Íslands veitti landeigendum á Láganúpi og í Kollsvík, bræðrunum Valdimari, Guðbjarti, Hilmari, Agli og Kára Össurarsonum, sérstaka viðurkenningu fyrir mikilvægt brautryðjendastarf í þágu minjaverndar, á ársfundi stofnunarinnar 28. nóvember 2018. Viðurkenningin er veitt fyrir metnaðarfullt grasrótarstarf við varðveislu og miðlun menningararfs í Kollsvík.

Á meðal þeirra verkefna sem landeigendur í Kollsvík, með Valdimar Össurarson í fararbroddi, hafa unnið í þágu menningarminja á svæðinu, er gerð heimasíðunnar kollsvik.is þar sem finna má fjölbreyttan fróðleik um sögu, náttúru og minjar í víkinni.

Einnig hafa þeir séð um merkingu gönguleiða í Kollsvík og uppsetningu fræðsluskilta um sögu, fornminjar og mannvirki ásamt söfnun upplýsinga um óáþreifanlegan arf á borð við örnefni, þjóðhætti og safn málfarssérkenna sem varðveist hafa á svæðinu.

Jafnframt hafa þeir staðið að varðveislu og viðhaldi gamalla mannvirkja í Kollsvík og hafa hlotið styrki úr húsafriðunarsjóði til tveggja slíkra verkefna.

Annars vegar til endurbyggingar steinhlaðins torfkofa; Hesthússins á Hólum í landi Láganúps sem líkur eru til að upphaflega hafi verið reistur um miðja 17. öld. Ekki er vitað um eldra hús á landinu sem staðið hefur frá upphafi, og þjónað sínu hlutverki fram á þennan dag.

Hins vegar hafa þeir hlotið styrk til viðhalds hlaðinna garða á Grundabökkum í landi Láganúps, þaðan sem útgerð hófst mjög snemma. Garðar eru örnefni yfir hinn mikla og forna garð sem liggur með sunnanverðum Grundabökkum í landi Láganúps. Þar var áður Láganúpsver, sem um margar aldir var ein stærsta verstöð sunnanverðra Vestfjarða, en lagðist af í byrjun 18. aldar. Útgerð hófst síðar í Kollsvíkurveri, norðar í Kollsvíkinni. Fyrsta gerð garðanna má ætla að sé mjög forn en þeir voru hlaðnir í núverandi mynd um aldamótin 1900. Garðarnir hafa gegnt mismunandi hlutverkum tengdum sjósókn og búskap á jörðinni, meðal annars sem vörslugarðar, aðhald til fjárrekstra, þurrkgarðar, skjólgarðar, matjurtagarðar og skotbyrgi.

Nú síðast hafa aðstandendur svæðisins hlotið framlag úr samgönguáætlun árið 2018, til að koma upp sjóvarnargarði til verndunar áðurnefndum görðum og annarra minja við Láganúpsver í sunnanverðri Kollsvík.

Vefurinn kollsvik.is

Vefurinn kollsvik.is er einstakur í sinni röð fyrir þær sakir hversu fjölbreytt efni er þar og ítarlegt. Tekin er fyrir: staðhættir og náttúra, byggð og atvinnusaga, mannlíf og frásagnir, menning og minjar orðasjóður. Síðan eru tvær vefmyndavélar, önnur í Láganúpi og hin í Kollsvík. Undir hverjum flokki er margvíslegur fróðleikur og greinilegt er að lögð hefur verið mikil vinna í að taka hann saman og gera aðgengilegan. Þar má meðal annars finna sögu ungmennafélaga í Rauðasandhreppi. Eitt þeirra var ungmennafélagið Vestri og félagssvæði þess var ákveðið Víkurnar, þ.e. Kollsvík, Breiðavík og Látrar; einnig Hænuvík og Keflavík. Nafnið var valið þar sem þetta væri vestasta ungmennafélag í Evrópu. Félagið var stofnað 17. september 1916 að Láganúpi. Voru stofnfélagar 24 og alls 33 á fyrsta starfsárinu. Þá var einnig stofnaður tóbaksbindindisflokkur í Vestra. Árið 1917 gekk Vestri í Bandalag U.M.F. Vestfjarða. Félagið stóð fyrir sundkennslu, jólaskemmtun fyrir börn, ræktaði kálgarð svo eitthvað sé nefnt.

Lesendur eru hvattir til þess að kynna sér efni vefjarins kollsvik.is.

Saga Kollsvíkur

Kollsvík er nyrst þriggja víkna sem nefnast Útvíkur, en hinar eru Látravík (Hvallátrar) og Breiðavík. Þær liggja fyrir opnu hafi yst á syðsta og vestasta skaga Vestfjarða, milli Blakks og Bjargtanga. Í Kollsvík eru nú tvö lögbýli, Kollsvík og Láganúpur, og hafa báðar jarðir að líkindum verið í byggð frá landnámsöld en smærri hjáleigur og þurrabúðir hafa þar verið um lengri eða skemmri tíma. Má þar nefna Grænumýri, Tröð, Stekkjarmel, Grund, Grundabakka, Grundir, Hóla, Gestarmel og Berg auk heilsárs búsetu í verbúðum.

Kollsvík kemur fyrst fyrir í landnámu þar sem segir frá landnámi Kolls fóstbróður Örlygs Hrappsonar á Esjubergi. Kollur braut skip sitt við Kollsvík og stofnaði þar minnsta frumlandnám Íslands. Kollsvíkur er næst getið í skjölum frá 15. öld og víða síðan. Elsti forfaðir þess fólks sem kennir sig við svokallaða Kollsvíkurætt sem fjölmennust hefur verið í Kollsvík síðastliðin 100 ár, var Einar Jónsson sem talið er að hafi búið á Láganúpi frá því um 1790 – 1836. Síðan var þar óslitin búseta sömu ættar þar til 2002 er heilsársbúsetu lauk í víkinni eða í 212 ár.

Meginstoðir undir tilveru fólks í Kollsvík hafa í gegnum tíðina verið sjósókn og landbúnaður. Var Kollsvík um aldir ein stærsta verstöðin á sunnanverðum Vestfjörðum og þangað fjölsótt í ver; ekki síst úr norðurbyggðum Breiðafjarðar og nálægum fjörðum. Allar líkur benda til þess að á blómatíma skreiðarverkunar; milli 1300 og 1600, hafi mjög stór verstöð verið í Kollsvík, en dregið hafi úr henni á 17. og 18. öld. Íbúafjöldi í Kollsvík var yfir 90 framan af 19. öld. Þegar við hann bættust aðkomnir vermenn yfir vertímann má ætla að í Kollsvíkinni hafi þá verið kringum 150 manns; jafnvel fleiri. Útgerð frá hafnlaustri ströndinni í Kollsvík byggðist á árabátum og tiltækum mannafla og var erfið og áhættusöm. Með vélbátavæðingu á 20. öld færðist útgerðin því fljótt til Patreksfjarðar og annarra hafnarstaða. Á sama tíma kom til vélvæðing í landbúnaði sem eftir það krafðist minni mannafla og um miðja 20. öldina fjaraði því fljótt undan þessari fjölmennu byggð. Áfram var þó blómlegur búskapur um skeið. Til 1962 voru t.d. þrjú stór býli í Kollsvík, en fækkaði þá í tvö og síðan í eitt árið 1971. Síðustu ábúendur í Kollsvík brugðu búi árið 2002. Þar með lagðist Kollsvík í eyði en afkomendur þeirra Össurar og Sigríðar á Láganúpi hafa síðan sinnt varðveislu, skráningu og miðlun minja um sögu og sérstæða menningu í Kollsvík af metnaði og fagmennsku.

Listasafn Samúels

Starfið 2018

Sett var af stað söfnun á Karolina fund í febrúar fyrir húsi Samúels og gekk hún mjög vel. Um 2,5 milljónir króna söfnuðust. Ferðamálastofa styrkti auk þess frágang húss Samúels um 2 milljónir og Menntamálaráðuneyti um 500.000. Hópur sjálfboðaliða frá SEEDS tók gólf kirkjunnar og listasafnshússins í gegn undir leiðsögn Gerhards König. Þau rifu gólfin sem voru orðin morkin, mokuðu undan þeim og settu einangrunarplast í grunnana. Þau gengu líka frá lóðinni í kringum hús Samúels. Einnig var gert við steinvegginn á húsi Samúels og stytturnar málaðar. Vesturbyggð var í samstarfi um að fá sjálfboðaliðana frá SEEDS og greiddu fyrir fæði og gistingu þeirra. Haldin var Sambahátíð sem jafnframt var afmælishátíð og reisugildi 11. ágúst með þátttöku Hallveigar Rúnarsdóttur, Teits Magnússonar og Æðisgengisins og fleiri. TV-verk sá svo um að setja járn og steypa gólfplötur í kirkjuna og listasafnshúsið. Pípulagnir og raflagnir voru lagðar. Rotþró sett niður. Gerðar voru raflagnateikningar, keypt raflagnaefni, ofnar, salerni og eldhússinnrétting. Enn er unnið í að leggja raflagnir og pípulagnir nú í lok nóvember.

Áætlun 2019

Árið 2019 er áformað að láta smíða nýja glugga og gólf í kirkjuna og listasafnið. Einnig ganga betur frá steypta veggnum á húsi Samúels, hreinsa hann og þétta. Ganga frá dreni í kringum hús Samúels og laga lóðina. Athuga með samstarf við Vesturbyggð um að fá SEEDS í þessi verkefni. Setja gólfefni og hurðir í hús Samúels og ganga frá innréttingum á efri hæð og í eldhúsi og baði og í stofu fyrir móttöku gesta. Koma heimildaefni á vefinn sem verður uppfærður. Annað sem bíður er að setja upp kamínu og háf og velux-glugga á þakið á húsi Samúels, sem og undirbúningur fyrir sýningarhald í listasafni og kirkju. Viðburðir í safninu og ef til vill Sambahátíð.

Eitthvað nýtt, geymdu bílinn frítt !

TAKTU FORSKOT Á SÆLUNA!

Base Hotel

Ertu á leið í morgunflug? Forðastu himinhá geymslugjöld á bílnum! Svefninn er dýrmætur. Byrjaðu fríið degi fyrr og gistu á Base kvöldið fyrir flug. Sofðu lengur, geymdu bílinn frítt og fáðu skutl á völlinn, tekur 5 mín.
Þetta er tilboð, bara fyrir snillinga !

Á Base er alltaf Happy Hour á barnum, og Gæðakaffi á könnunni. Það er bara basic!
Njóttu notalegrar stemningar og skoðaðu eitt flottasta nýlistasafn Íslands í leiðinni.

ALLT INNIFALIÐ:
Morgunverður
Skutla á flugvöllinn og til baka
Geymsla á bíl

Frá 6900 í eigið herbergi.
Frá Basic Double til Comfort Suite.
Hafðu samband í tölvupóst eða síma til að bóka: basehotel@basehotel.is/ 519 1300

Hallgrímur Sveinsson, Guðmundur Ingvarsson og Bjarni G. Einarsson:

Nú seljum við Íslandsbanka og setjum 140 milljarða í samgöngumálin!

Það eina sem getur veitt okkur vonir um bjartari og betri framtíð er að samgöngur muni batna á allra næstu árum," segir hún Eva okkar í Árneshreppi á Ströndum í Mogganum.

Slík og þvílík neyðarköll frá oddvitum byggðanna vítt og breytt um landið eru svo til daglegt brauð. Og hafa verið í áratugi. Einbreiðir vegir og brýr, vantar ofaníburð, heflun og bundið slitlag. Endalausar bænaskrár, skýrslur, fundir og ályktanir, uppákomur og málarekstur fyrir sunnan. Og ályktanir um það sem allir vita. Og allar nefndirnar? Endalaus lobbyismi. Þrýstihópar og málafylgjumenn. En þetta er eins og að skvetta vatni á gæs. Smáskammtalækningar skulu það vera með svokallaðri happa-og glappaaðferð.

Landið allt er ein heild

Við félagarnir höfum tekið undir það með mörgum góðum mönnum, að það er löngu kominn tími til að við lítum á land okkar sem eina heild. Við höfum leyft okkur að leggja fram opinberlega ýmsar tillögur í svokölluðum byggðamálum. Ein þeirra hljóðar svo:

Hlutur ríkisins í Íslandsbanka verði seldur nú þegar. Raunhæft verð, varlega áætlað af sérfræðingum, 140 milljarðar króna.

Í nýrri hvítbók er tæpt á þessu máli. Og auðvitað slegið úr og í að vanda. Okkar tillaga er: Seljum bankann eins og skot. Og setjum þessa peninga í samgöngumál. Punktur og basta!

Hver og einn bær er hlekkur í keðjunni!

Í landsfjórðungunum verði svo starfandi verktakar allan ársins hring sem sjái um að koma samgöngum markvisst í almennilegt horf á allra næstu árum. Ekkert væl, eða jaml, japl og fuður, heldur samræmdar aðgerðir þar sem grundvöllurinn verði að landið allt er ein heild. Hver og einn bær er hlekkur í þeirri keðju. Og vegatolla, með heppilegri gjaldskrá, teljum við sjálfsagða þar sem við á.

Og formúla stjórnmálamanna Loforð fyrir kosningar = Svik eftir kosningar verður aðhlátursefni komandi kynslóða. Allir málaflokkar munu njóta góðs af. Og landið gjörbreytast. Endurtökum: Það breytist allt til batnaðar!

Jólagetraun
Vestfirska forlagsins 2018



12 spurningar úr nýju bókunum að vestan

Á hvaða bæ í Gufudalshreppi var útibú Kaupfélags Króksfjarðar staðsett? (Þar minnast fjöll og firðir)

Hverjir ruddu brautina úr Keldudal í Svalvoga í Dýrafirði og hvaða ár var það? (Brautryðjendur fyrir vestan)

Hvaða prestur í Djúpinu tók svo til orða: „Ég hélt ekki langar ræður. Oft er það svo, að því mun lengri ræður sem menn flytja þess lélegri eru þær. Og innihalds-minni“? (100 Vestfirskar gamansögur 2.)

Hvaða ár byrjaði Mjólkárvirkjun að mala Vestfirðingum gull? (Að fortíð skal hyggja)

Hvað nefnist nafnkenndasti skógur í Gufudalshreppi? (Þar minnast fjöll og firðir)

„Bragi frændi á Melanesi var rammur að afli og þraut aldrei styrk. Klettamaður var hann einnig svo af bar. Fyrir honum var það leikur einn þar sem aðrir hurfu frá.“
„Oft skoðuðum við bræður myndina af Benna frá Bíldudal þar sem hann jafnhattaði kerruhjólin. Að ná kerruhjólum upp fyrir höfuð sér var eitthvað sem var einungis ofurmönnum fært.“
Hvaða ofurhlaupari af Rauðasandi skrifar svo í bók sína og hvað heitir bókin? (Vestfirðingar til sjós og lands 2.)

Hvaða ár opnaðist vegurinn yfir Steingrímsfjarðarheiði? (Brautryðjendur fyrir vestan)

Varstu á kvennafari?
Nei, svaraði Sverrir sannleikanum samkvæmt.
Ég hefði getað skilið það og fyrirgefið, sagði meistari.
Hverjir voru að tala saman?
(100 Vestfirskar gamansögur 2.)

Í þessum sjávarplássum voru algeng ýmis uppnefni, eins og t.d. Doddi grútur, Stjáni meik, Guji skó, Steini grjót, Bjarni kjaftur, Oddur næpa, Mæja stýri, Sigga ljósa, Valdi blái og Jónas hvalur. Hver skrifar svo og í hvaða bók? (Vestfirðingar til sjós og lands 2.)

Hvað er langt síðan bolvískar eiginkonur tóku upp á því að halda þorrablót fyrir karla sína? (Bolvíska blótið)

Við hvaða fjörð er syðri gangamunni Dýrafjarðarganga? (Að fortíð skal hyggja)

Hvað heitir höfundur bókarinnar Fiskur að handan?

Nafn _____

Heimilisfang _____

Póstnúmer _____

Dregið verður úr réttum svörum og fá 10 heppnir sendan heim til sín laglegan bókapakka af eldri bókum frá okkur á nýja árinu. Sendið okkur svörin í pósti eða tölvupósti. Upplagt að glíma við þetta á jólunum. Gildir út janúar.

Gangi ykkur vel!

Bestu kveðjur.
Vestfirska forlagið,
Brekku,
471 Þingeyri

Vestfirska forlagið

Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is
www.vestfirska.is

Ný bók frá Vestfirska forlaginu:

100 Vestfirskar gamansögur 2. bók.

Enn fer Vestfirska forlagið á flot með gamansögur úr hinum mikla þjóðsagnabanka af Vestfirðingum, en gamansemin er einmitt lífselexír margra þeirra. Sagnirnar eru hluti af arfi kynslóðanna á Vestfjörðum úr dagsins önn. Margar hafa þær sést áður í bókunum að vestan og víðar. Flestar eru að einhverju leyti sannar og enn aðrar heilagur sannleikur eins og kunnugt er. Sögurnar lýsa orðheppni Vestfirðinga og hæfileika þeirra til að fanga augnablikið. Hvað sem um þær má segja að öðru leyti, eru þær að ýmsu leyti góðar mannlýsingar. Eins og fyrri daginn eru ónafngreindir heimildamenn að baki mörgum sagnanna. Vonandi er þessi vestfirska gamansemi græskulaus. En öllu gamni fylgir náttúrlega nokkur alvara!

Hér fylgir sýnishorn úr bókinni frá gömlu kynslóðinni:



Tungumálakunnátta

Anton heitinn Ingibjartsson, Toni Ingibjartar, var þekktur borgari á Ísafirði. Toni var vænn maður, fyndinn, orðheppinn og skemmtilegur. Toni var lengi kyndari á gömlu kolatogurunum á Ísafirði og einnig var hann á nýsköpunartogurum.

Eitt sinn þegar Toni var á togaranum Skutli og var að koma úr siglingu til Englands var hann að segja félögum sínum frá mannlífinu í Fleetwood:

Mikil menningarþjóð Bretarnir. Smápollar bara fimm eða sex ára gamlir tala reiprennandi ensku.



HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS:

LAXELDI – SKORTUR Á VALKOSTAGREININGU LEIÐIR EKKI TIL ÓGILDINGAR

Héraðsdómur Reykjaness felldi 12. desember sl. dóm í máli Náttúruverndar 2 málsóknarfélags gegn Matvælastofnun. Málið var höfðað til ógildingar á rekstrarleyfi í Reyðarfirði sem Laxar fiskeldi ehf fengu 2012 til sjókvíaeldis. Kærendur voru ýmsir aðilar sem eiga það sammerkt að leggjast með öllu gegn laxeldi í sjó.

Voru lagðar fram kærur í mörgum liðum og tók dómarinn á þeim hverju á fætur öðrum. Niðurstaða dómarans var að sýkna Matvælastofnun og Laxa fiskeldi ehf af öllum kröfum.

Óþörf valkostagreining

Eitt atriði vekur sérstaka athygli í þessu máli. Það er sú krafa kærenda að rekstrarleyfið yrði fellt úr gildi þar sem ekki hafði farið fram valkostagreining til þess að bera saman við sjókvíaeldið. Eins og enn er í fersku minni felldir úrskurðarnefnd um umhverfis og auðlindamál nýlega úr gildi bæði rekstrar- og starfsleyfi Arctic Fish og Arnarlax í Tálknafirði og Tálknafirði vegna skorts á þessum samanburði við gerð umhverfismats.

Um þetta atriði segir í dómnum að skortur á slíkum samanburði geti verið ógildingarannmarki, en hins vegar hafi komið fram fyrir dómnum að notkun á geldlaxi, lokuðum sjókvíum eða landeldi hefðu ekki verið raunhæfir möguleikar þegar leyfið var veitt, sumir á tilraunastigi og aðrir ómögulegir og geti því skortur á valkostamatinu ekki leitt til ógildingar á rekstrarleyfinu.

Þetta er algerlega andstætt niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í máli vestfirsku fyrirtækjanna.Þeim úrskurði verður skotið til dómstóla og það er athyglisvert að fyrsti dómur sem fellur eftir úrskurð úrskurðarnefndarinnar gefur vísbendingar um að dómsstólar séu ekki sammála nefndinni.

Hamfaraspá hafnað

Í sama máli Náttúruverndar 2 málsóknarfélags gegn Matvælastofnun, hafnaði Héraðsdómur Reykjaness þeim rökum kærenda um að rekstrarleyfi í Reyðarfirði sem Laxar fiskeldi ehf fengu 2012 til 6.000 tonna sjókvíaeldis myndi valda verulegum og óafturkræfum skaða á öllum villtum laxategundum í öllum ám Austfjarða á stuttum tíma og einnig setja í stórhætti alla villta laxastofna landsins á fáum árum.

> *„Eitt atriði vekur sérstaka athygli í þessu máli. Það er sú krafa kærenda að rekstrarleyfið yrði fellt úr gildi þar sem ekki hafði farið fram valkostagreining til þess að bera saman við sjókvíaeldið.*

Rök dómarans fyrir niðurstöðu sinni voru þau að fyrir liggi skýrsla Hafrannsóknarstofnunar um áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndur milli íslenskra og erlendra laxastofna. Frumforsenda greiningarinnar er að náttúrurlegir laxastofnar skaðist ekki. Dreifingarlíkan skýrslunnar gerir almennt ráð fyrir litlum áhrifum á náttúrulega stofna fyrir utan 4 ár sem vakta þurfi sérstaklega. Niðurstaða Hafrannsóknarstofnunar er að ásættanlegt sé að leyfa 71.000 tonna framleiðslu á frjóum laxi þar af 21.000 tonn á Austfjörðum. Helsta ástæða fyrir þessari niðurstöðu er að eldissvæðin eru í mikilli fjarlægð frá helstu laxveiðiám og laxeldi bannað á mjög stórum hluta strandlengjunnar. Í Noregi og Skotlandi séu eldissvæðin í mjög mikilli nálægð við helstu laxveiðiár og því verði blöndunaráhrifin mun meiri í þessum löndum. Til viðbótar eru lagðar til mótvægisaðgerðir til þess að sporna við erfðablöndun. Samkvæmt því, segir í dómnum, fær sú fullyrðing stefnanda ekki staðist að rekstrarleyfi stefnda Laxfiska ehf fyrir 6.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði muni „valda verulegum og óafturkræfum skaða á öllum villtum laxategundum í öllum ám Austfjarða á stuttum tíma og einnig setja í stórhætti alla villta laxastofna landsins á fáum árum.“

Sandra Baldvinsdóttir kvað upp dóminn.

Tilvaldar jólagjafir

Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!

RÚM

Gleðileg jól

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími 555 0397 | www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Breyttur opnunartími fram að jólum

Opið alla virka daga frá 09:00-18:00, laugardaga 10:00-16:00, sunnudaga 13:00-16:00

VESTFIRÐIR

3.400 eintök á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum

16. tölublað
7. árgangur

Íslenskir endurskoðendur
Vestfjörðum ehf
Pollgötu 2, 400 Ísafirði, www.isend.is
Sími 456-2200, Netfang: bjarki@isend.is

Kolefnisspor sjókvía-eldis svipað og veiðar á villtum fiski

Meginniðurstaða Umhverfisráðgjafar Íslands ehf er að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá laxeldi í sjó á Íslandi hafi verið um 31.000 tonn CO2-ígilda árið 2017, eða sem nemur 3,21 kg CO2-ígilda á hvert kíló af tilbúinni afurð. Skýrslan var unnin fyrir Landssamband fiskeldisstöðva. Höfundar hennar eru Stefán Gíslason og Birna Sigrún Hallsdóttir. Þessi niðurstaða er í góðu samræmi við erlenda útreikninga, sem flestir hafa gefið niðurstöðu á bilinu 2,88-4,13 kg/kg (meðaltal 3,76 kg/kg). Meðaltal erlendra mælinga er að kolefnisspor lambakjötsframleiðslu sé 27,91 kgCO2/kg mat. Kolefnisspor nautakjötsframleiðslu er 28,73. Innlendar mælingar eru ekki tiltækar. Kolefnisspor sjókvíeldis er samkvæmt þessu svipað og við veiðar á villtum fiski og lægra en í flestri annarri framleiðslu á dýraafurðum til manneldis. Langstærsti hlutinn af kolefnisspori laxeldis á Íslandi (um 93%) liggur í framleiðslu og flutningum á fóðri.

Hægt væri að kolefnisjafna alla losun gróðurhúsalofttegunda frá sjókvíeldi á Íslandi með landbótaaðgerðum, þ.e.a.s. landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis. Sem dæmi má nefna að til að kolefnisjafna alla losun greinarinnar eins og hún var árið 2017 þyrfti að endurheimta um 1.590 ha af votlendi. Sú ráðstöfun væri í raun varanleg, þar sem hún myndi draga úr losun samsvarandi magns gróðurhúsalofttegunda frá votlendi árlega í áratugi eða aldir.